

Nd.

469. Lög

um breyting á lögum nr. 42, 14. júní 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

1. gr.

Síðari málsgr. 3. gr. laga nr. 42 1929 orðist þannig:

Nú verður meira framboð af síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það, svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn verksmiðjunnar til þriggja ára í senn. Gengur einn úr stjórninni árlega, í fyrsta og annað skipti eftir hlutkesti, síðan eftir kjöraldri. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórn verksmiðjunnar kys sér formann úr sínum flokki, ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn, ákveður starfssvið hans og laun. Hún hefir á hendi sölu afurða verksmiðjunnar með ráði framkvæmdarstjóra.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til eins árs í senn og ákveður þóknun fyrir störf þeirra.